

Skýrsla fulltrúa ASÍ frá
89. þingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í Genf
5.-21. júní 2001.

89.þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) var sett þriðjudaginn 5. júní s.l. en undirbúningsfundir voru haldnir þann 4. júní. Þingið sat að þessu sinni Páll Pétursson félagsmálaráðherra en í sendinefnd Íslands voru Magnús M. Norðdahl (ASÍ), Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón H. Magnússon (SA) og þau Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri, Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir ftr., Ingibjörg Davíðsdóttir, sendiráðsritari og Benedikt Jónsson sendiherra af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Dagskrá þingsins

Á dagskrá þingsins voru auk fastra liða önnur umræða um drög að samþykkt um aðbúnað og hollustuhætti í landbúnaði og fyrsta umræða um sérstakt átak til örvunar samvinnufélaga og loks almenn umræða um félagslegt öryggi. Til hinna föstu liða heyrir auk ýmissa fjárhags- og stjórnunarliða, skýrsla sérfræðinganevndar ILO um framkvæmd ILO samþykktá í einstökum aðildarríkjum. Í henni er m.a. farið yfir skýrslu Íslands um framkvæmd á ILO-100 um launajafnrétti. Umsögnin er jákvæð en fram kemur að óskað hefur verið eftir nánari upplýsingum um framkvæmd nýrra jafnréttis laga.

Aðbúnaður og hollustuhættir í landbúnaði

Á þinginu var samþykkt tillaga að samþykkt um aðbúnað og hollustuhætti í landbúnaði. Grundvallaratriðum þessarar samþykktar svipar um margt til þeirrar löggjafar sem við þekkjum um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum en er þó öll einfaldari í sniðum. Hún geymir almennar grundvallarreglur um vinnuvernd, réttindi og skyldur launafólks í landbúnaði og eftirlitskerfi. Þessi samþykkt mun bæta réttarstöðu launafólks í þróunarlöndunum til mikilla muna og hafa víðtæk áhrif þar þegar haft er í huga að 49% alls mannskyns vinnur við landbúnað, þarf af eru 96.5% utan Evrópu og Bandaríkjanna. Samþykktin eins og hún var samþykkt á ensku fylgir með skýrslu þessari en þýðingu verður dreift þegar hún verður til.

Átak til eflingar samvinnufélaga

Hvað samvinnufélögin varðar var lagt til að gerð yrðu sérstök fyrirmæli um þau en ekki sjálfstæð samþykkt. Þetta verkefni er mjög áhugavert. Samvinnufélagaformið var ein sterkasta stöðin í þróun íslensks atvinnu- og menningarlífs fyrir og eftir lýðveldisstofnunina og ekki annars að vænta en það geti unnið sama gagn og það gerði hér í þróunarríkjunum. Í þessum efnunum búa Íslendingar að langri reynslu og ekki annars að vænta en að þeirri reynslu getum við deilt. Fyrirliggjandi drög voru afgreidd til síðari umræðu á 90 þingi ILO 2002. Gert er ráð fyrir því í þeim drögum sem nú liggja fyrir að grundvallaratriðin í uppbyggingu og hlutverki samvinnufélaganna verði eftirfarandi.

- Þau séu opin öllum sem í þau vilja ganga af fúsum og frjálsum vilja.
- Þau starfi á grundvelli lýðræðis og sé stjórnad af félagsmönnum.
- Félagsmenn taki “efnahagslegan” þátt í þeim.
- Þau séu sjálfstæð og ekki öðrum háð.
- Þau starfi að menntun, þjálfun og upplýsingagjöf.
- Samvinnufélögin myndi með sér sambönd og starfi saman.
- Þau starfi í þágu samfélagsins.

Félagslegt öryggi (velferð og almannatryggingar)

Jafnframt því að fjalla um samvinnufélög og aðbúnað og hollustuhætti í landbúnaði fór almenn umræða um félagslegt öryggi og velferð. Á Íslandi hrinti ASÍ af stað umræðu um velferðarkerfið nú á vormánuðum. Umræðan hér á þinginu á um sumt við hana skylt en er frábrugðin í öðru. Á eitt virðast allir vera sáttir en það er að markmið velferðarkerfisins sé ekki einungis að tryggja það að fólk lifi af heldur einnig og ekki síður að tryggja öllum þátttöku í samfélaginu og getu til að varðveita virðingu sína sem manneskjur. Nokkur átök voru um einn þátt sérstaklega en það er hvort dregin verður upp tiltölulega skýr mynd af þriggja stöða kerfi eins og við þekkjum (almannatryggingar, lífeyrissjóðir með aðildarskyldu og frjáls tryggingakaup) og eins hvaða orðalag verður haft á heimildir til þess að fela einkaaðilum veigamikla þætti í hinu félagslega öryggiskerfi. Niðurstaðan varð sú að þessi skýra mynd er í raun ekki dregin en áhersla lögð á lykilhutverk hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins auk þess sem fjallað er um grundavallaratriði eins og lágmörkun kostnaðar, jafnrétti kynjanna o.fl.

Þessi umræða var þáttur í sérstöku átaki til þess að fá aðildarríki ILO til þess að staðfesta þær sjö ILO-samþykktir sem fjalla um félagslegt öryggi en Íslendingar hafa ekki staðfest nema eina þeirra og það bara að hluta en það er samþykkt nr. 102 um lágmarksvernd. Allar þessar samþykktir hafa orðið til eftir að Ísland gerðist aðili að ILO á árinu 1945. Þessi umræða markar einnig upphaf að hugsanlegri endurskoðun gildandi ILO-samþykkt á næstu árum. Sumir telja velferðarkerfið kosta allt of mikið og að vöxtur þess minnki hagvöxt og tefji efnahagslega þróun. Aðrir benda á að með vaxandi atvinnuleysi, annarskonar óöryggi í atvinnu m.a. vegna launaverktöku og vegna hækkandi meðalaldurs sé sem aldrei fyrr þörf á traustu velferðarkerfi. Vandamálin eru hins vegar mörg. Mikill þrýstingur er á velferðarkerfið um allan heim auk þess sem minnkandi efnahagslegt sjálfstæði þjóðríkjanna vegna alþjóðavæðingarinnar hefur skapað nýjar ógnir sem takast verður á við í víðtæku alþjóðlegu samstarfi. Gert er ráð fyrir að þessi umræða fari fram á vettvangi ILO á árunum 2004 og 2005. Allt eru þetta atriði sem við könnumst við úr þeirri umræðu sem ASÍ hefur sett af stað. Ein þeirra niðurstaðna sem vöktu sérstaka athygli mína var að sérfræðingar ILO telja að velferðarkerfið eigi að taka til sem allra flestra innan sérhvers samfélags. Velferðarkerfið sé ekki annað en dreifing áhættu. Eftir því sem fleiri dreifi áhættunni með sér því betri verði tryggingin fyrir alla. Sem sagt ekki bara velferðarkerfi fyrir hina verst settu. Niðurstaða sérfræðinganna er sú að sé í grundvallatriðum byggt á sértækum kerfum sem beint sé að litlum hópum eða ef fyrst og fremst sé byggt á einstaklingsbundinni söfnun og tryggingakaupum aukist félagslegt óöryggi og bilið milli hinna ríku og fátæku vaxi. Hvað Ísland varðar er ljóst að

framlög atvinnurekenda til velferðarkerfisins eru ekki að sliga íslenskt atvinnulíf eða að skaða samkeppnisstöðu þess. Langt í frá. Staða Íslands í samanburði milli aðildarríkja ILO þegar vinnuafskostnaður atvinnurekenda (*brúttólaunakostnaður að viðbættum skyldubundnum framlögum til velferðarkerfisins af greiddum launum*) er skoðaður er þannig, að hér á landi er þessi kostnaður atvinnurekenda vel neðan við meðallag. Hlutur atvinnurekanda þar af er með því lágsta sem gerist meðan tekjuskattshlutinn er í hærri kantinum. Þessi kostnaður á Íslandi er svipaður í heildina og gerist á Nýja-Sjálandi, í Kóreu, Grikklandi og Tyrklandi. Þessi samanburður segir hins vegar ekkert eða lítið um stöðu íslenska velferðarkerfisins sem býr að öflugum söfnunarlífeyrissjóðum sem settir voru á laggirnar af framsýnni íslenskri verkalýðshreyfingu. Gert er ráð fyrir því að hin almenna umræða um félagslegt öryggi sem nú fer fram á þingi ILO leiði til þróunar nýrra samþykktu og hugsanlegrar endurskoðunar á gildandi samþykktum. Það átak sem ILO ætlar að leggja í til þess að fá fleiri aðildarríki til þess að staðfesta allar þær samþykktir sem nú eru í gildi um félagslegt öryggi mun setja vaxandi þrýsting á íslensk stjórnvöld til þess að staðfesta þær.

Sú umræða sem fram fór á þinginu markar eins og áður segir upphaf að frekari umræðu, endurskoðun og nýsköpun. Mikilvægt er fyrir okkur Íslendinga að fylgjast vel með og taka virkan þátt í starfinu framundan, ekki einungis sem þiggjendur heldur einnig og ekki síður sem miðlarar þekkingar og reynslu af velferðarkerfi byggðu m.a. á virkri þátttöku og ábyrgð verkalýðshreyfingarinnar.

Ofbeldi gagna vart Kólumbískri verkalýðshreyfingu

Um árabil hafa þing ILO fjallað um bein og óbein brot stjórnvalda í Kólumbía á grundvallarsamþykktum stofnunarinnar og alþjóðlegum mannréttindum. Það var einnig gert á 89. þinginu. Á tímabilinu 1991 til 2000 voru 1557 talsmenn Kólumbískra verkalýðsfélaga myrtir, þar af 308 kjörnir leiðtogar. Um það bil helmingur þessara manndrápa áttu sér stað á tímabilinu 1996 til 2000. Á þessum sama tíma hurfu 60, 143 sættu ólögmaetu varðhaldi og 72 var rænt. Á síðustu 3 árum fengu 1670 talsmenn verkalýðsfélaga líflátshótanir og 14 sprengjuárásir voru gerðar á skrifstofur verkalýðsfélaga. 72% þolenda þessara brota eru starfsmenn hins opinbera, kennarar, starfsmenn sveitarfélaga, heilbrigðisstarfsfólk og starfsfólk innar réttarkerfisins. Það sem af er þessu ári hafa 135 talsmenn Kólumbískra verkalýðsfélaga verið myrtir, þar af 47 kjörnir leiðtogar og því ljóst að ofbeldið fer síst minnkandi. Meðan þing ILO stóð bættust 3 leiðtogar í hóp hinna myrtu. Nöfn allra þeirra sem myrtir hafa verið á þessu ári voru lesin á fundi nefndar um framkvæmd ILO-samþykktu og þeirra og allra annarra sem myrtir hafa verið vegna þátttöku sinnar í starfsemi verkalýðsfélaga var minnst með einnar mínútu þögn.

Stjórnvöld í Kólumbíu bera fyrir sig landlæga áratuga ofbeldisöldu. Ekki skal úr því dregið en ábyrgð stjórnvalda er engu að síður mikil. Annars vegar þar sem meðlimir sérsveita hersins taka þátt í ofbeldinu og hins vegar vegna þess að brotamenn eru sjaldan eða aldrei handteknir og dæmdir. Tilgangur þessa ofbeldis er að brjóta niður sjálfstæða verkalýðshreyfingu landsins og fæla launafólk frá þátttöku í starfsemi þeirra. Því miður virðist það hafa tekist að nokkru marki. Sá þrýstingur sem þing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar hafa veitt stjórnvöldum er Kólumbískri

verkalýðshreyfingu og almennri mannréttindabaráttu í landinu ómetanlegur. Samtök atvinnurekenda og einstakir atvinnurekendur hafa einnig sætt þvingunum og ofbeldi þó ekki hafi eins hart verið að þeim sótt og launafólki. Þetta skefjalausa ofbeldi yfirskyggir önnur brot stjórnvalda eins og t.d. bann á stofnun og starfsemi sambanda verkalýðsfélaga, bönn á verkföll og heimildir ráðherra til þess að setja kjaradeilur í þvingaða gerðardóma standi verkföll lengur en í tiltekinn tíma án þess að samningar takist. Sérstök rannsóknarnefnd ILO hefur heimsótt landið og skilað stofnuninni skýrslu og stefnt er að því að styrkja starfsemi stofnunarinnar í landinu. Samhliða er unnið að því að efla alþjóðlega samvinnu til þess að freista þessa með stjórnvöldum að reyna að ná tókum á ástandinu og fá því breytt. Þar skiptir einnig máli að í skjóli stjórnleysis og ofbeldis í landinu þrífst mikil framleiðsla fikniefna. Á þinginu fögnuðu stjórnvöld öllum afskiptum ILO og alþjóðasamfélagsins af þeim ógnum sem steðja að Kólumbískri verkalýðshreyfingu og um þetta má heita órofa stuðningur allra þeirra ríkisstjórna sem aðild eiga að stofnuninni, atvinnurekenda og launafólks.

Sérstakur fundur um málefni Burma

Boðað var til sérstaks fundar um málefni Burma í nefnd Alþjóðavinnuálagingsins um framkvæmd samþykktar stofnunarinnar. Fjallað var um brot stjórnvalda á samþykkt ILO nr. 29 um bann við nauðungarvinnu. Fram kom að nauðungarvinna í þágu hins opinbera og hersins er ennþá mjög útbreidd þrátt fyrir ítrekuð tilmæli ILO. Þessi nauðungarvinna kemur í rauninni í veg fyrir að almenningur geti ráðið sig í fasta vinnu og kemur þannig einnig í veg fyrir að launafólk geti unnið sómasamlega fyrir sér og sínum. Á síðasta ári skoraði ILO á aðildarríki sín að taka til endurskoðunar öll viðskipti við Burma. Í viðbrögðum íslenskra stjórnvalda kom fram að engin eða ekki merkjanleg viðskipti væru við landið og þess vegna ekki gripið til neinna ráðstafana. Í umræðum kom fram að þau fyrirmæli sem stjórnvöld hafa gefið um bann við nauðungarvinnu hafi verið næsta marklaus og lítt eða ekki í samræmi við lög sem heimila nauðungarvinnu beint og óbeint. Ákveðið var að senda til landsins nefnd háttsettra embættismanna sem ætlað er að safna gögnum og rannsaka brot á samþykkt ILO um bann við nauðungarvinnu. Því var beint til ríkisstjórnar landsins að ekki verði reynt að hafa áhrif á vinnu nefndarinnar eða reynt að hindra aðgang hennar að tilteknum svæðum innan landsins. Jafnframt var sérstaklega tekið fram að tryggja yrði vernd þeirra einstaklinga sem kæmu fyrir nefndina eða veittu henni með öðrum hætti upplýsingar. Nefndin á að skila 90 þingi ILO á árinu 2002 skýrslu um niðurstöður sínar.

Kærumál

ILO-29 (1930)

Nauðungarvinna

Indland

Umfjölluninni má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi þann landlæga hátt að fullorðið fólk sé selt í ánauð til greiðslu skulda. Í öðru lagi þegar í hlut eiga börn og loks í þriðja lagi kynferðisleg misnotkun á börnum og vinna þeirra við hættulegar og ómannúðlegar aðstæður. Stjórnvöld kváðust vinna hörðum höndum að úrbótum. Engu að síður var frammistaða þeirra gagnrýnd og skorað á þau að gera betur m.a. við endurhæfingu barna sem sætt hafa kynferðislegri misnotkun.

Súdan

Rán á konum og börnum sem síðan eru seld í nauðungarvinnu. Málið hefur margoft verið umfjöllunar á þingum ILO og árin 1997, 1998 og 2000 var gerð sérstök bókun um ástand mála. Nefndin vildi senda til landsins sérstaka nefnd en stjórnvöld sögðust ekki geta samþykkt en að þau skyldu hugleiða möguleikann. *Athugasemd um framkvæmd samþykktarinnar var sett í sérstaka málsgrein í niðurstöðum nefndarinnar.*

ILO-35 (1933)

Samþykkt um ellilífeyri

Chile

Einkarekið lífeyriskerfi sem stofnað var 1980 er í grundvallaratriðum í andstöðu við samþykktina m.a. hvað varðar aðild aðila vinnumarkaðarins, aðild sjóðfélaga að stjórnnum, greiðsluskyldu atvinnurekenda og innheimtu iðgjalda. (Til stendur að loka ILO-35 og mæla með staðfestingu ILO-128 um sama efni. Ástandið í Chile er ekki í eins mikilli andstöðu við þá samþykkt.)

ILO-81 (1947)

Vinnueftirlit

Úganda

Vinnueftirlit í landinu er í algjörum molum og stjórn málaflokksins farið versnandi ef eitthvað er. Vinnueftirlitsmenn búa við mikið óryggi í störfum sínum bæði launalega og á annan hátt auk þess sem þeim er ekki lagður til nauðsynlegur búnaður starfans. Kvartanir um framkvæmd samþykktarinnar í Úganda hafa verið til meðferðar s.l. 40 ár. Skorað var á stjórnvöld að gera úrbætur og láta meira fé af hendi rakna til málaflokksins.

ILO-87 (1948)

Grundvallarsamþykkt um félagafrelsi

Burma

Nefndin harmaði það mjög að stjórnvöld hafa ekki verið til neins samstarfs við ILO. Mikið ósamræmi væri ennþá á milli samþykktar ILO og framkvæmdar og laga í landinu. Nefndin gagnrýndi það einnig mjög að engin breyting hefði orðið á ástandinu frá fyrri umfjöllun og skoraði á ríkisstjórn landsins að hrinda í framkvæmd án tafar nauðsynlegum úrræðum til þess að tryggja það að launafólk og atvinnurekendur hefðu rétt til þess að stofna verkalýðs- og atvinnurekenda félög án þess fyrst að leita samþykkis stjórnvalda og að virða bæri rétt til þess að stofna og ganga í sambönd félaga og alþjóðlegsambönd félaga án afskipta stjórnvalda. Nefndin hvatti stjórnvöld til þess að senda sérfræðinganeftinni uppkast að nýjum lögum á þessu sviði og skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar. *Athugasemd sett í sérstaka málsgrein í niðurstöðum nefndarinnar.*

Djibouti

Réttur erlends vinnuafls til þess að taka sæti í stjórnnum verkalýðsfélaga takmarkaður í lögum, takmarkalíttur réttur stjórnvalda til þess að ákveða hverjum beri að vinna við nauðsynlega opinbera þjónustu í verkföllum opinberra starfsmanna, endurráðning trúnaðarmanna sem reknir voru fyrir þátttöku í verkföllum, takmarkanir í lögum á stofnun verkalýðsfélaga og afskipti að framkvæmd kosninga innan verkalýðsfélaga. Skorað var á stjórnvöld að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum úrbótum og gera sérfræðinganeftinni grein fyrir framgangi mála.

Ethiopia.

Takmörkun á rétti opinberra starfsmanna til þess að stofna og ganga í verkalýðsfélög. Forseti kennarasamtaka handtekinn og dæmdur í 15 ára fangelsi. Von sett fram um að upplýsingar verði veittar fyrir næsta þing m.a. um áfrýjun fangelsisdómsins og breytingar á lögum. *Athugasemd sett í sérstaka málsgrein í niðurstöðum nefndarinnar.*

Gvatemala

Nefndin fagnaði því að stjórnvöld hefðu tekið tillit til þeirra tillagna sem nefnd ILO sem heimsótti landið hefði sett fram og vörðuðu afskipti stjórnvalda að innri málefnum verkalýðshreyfingarinnar. Hins vegar lýsti nefndin verulegum áhyggju sínum vegna ofbeldis og hótana sem talsmenn verkalýðsfélaga hefðu orðið fyrir. Lögð var áhersla á að virðing fyrir almennum grundvallar mannréttindum væri skilyrði þess að verkafólk og verkalýðshreyfing fengi notið þeirra réttinda sem samþykktir ILO gera ráð fyrir. Stjórnvöld beðin um að gefa nákvæma skýrslu til sérfræðinganeftdarinnar um framgang úrbóta.

Hvíta Rússland

Réttur verkalýðs- og atvinnurekenda til stofnunar stéttar- og atvinnurekenda félaga, afskipti stjórnvalda að innri málefnum þeirra, kosningum og leiðtogavali og hindranir við því að félögin fái notið aðstoðar erlendis frá. Stjórnvöld réttlættu brot sín í langri ræðu þar sem fram kom að markmið þeirra væri að byggja upp “hlutlaus og ópólitísk” samtök á vinnumarkaði. Skorað var á stjórnvöld að grípa til nauðsynlegra ráðstafana og gera

sérfræðinganeftinni grein fyrir þeim þannig að ekki þyrfti að fjalla um málefni landsins að nýju á næsta þingi. Athugasemd sett í sérstaka málsgrein í niðurstöðum nefndarinnar.

Japan

Réttur brunavarða til þess að stofna og ganga í verkalýðsfélög. Of víðtækt bann við verkföllum opinberra starfsmanna og vanefndir á 30 ára gömlu loforði um bætur til þeirra opinberu starfsmanna sem ekki njóta verkfallsréttar.

Venezuela

Erlendu vinnuafla neitað um að fá að ganga í verkalýðsfélög fyrr en eftir 10 ára vist í landinu, of ýtarleg ákvæði í lögum um markmið og skyldur verkalýðsfélaga og takmarkandi ákvæði um lágmarksfjölda launamanna og atvinnurekenda til þess að geta stofnað félög verkalýðs- og atvinnurekendafélög. Sérstaklega var fjallað um ákvæði í lögum sem áskilja allsherjaratkvæðagreiðslur við stjórnarkjör í verkalýðsfélögum undir stjórn opinberrar stofnunar og um þvingaða allsherjaratkvæðagreiðslu um sameiningu verkalýðsfélaga. Athugasemd sett í sérstaka málsgrein í niðurstöðum nefndarinnar.

Swaziland

Óeðlilegar takmarkanir og skilyrði fyrir boðun verkfalla og 32 daga frestur vegna boðunar mótmælafunda. Þar sem litlum tilgangi þjónar að senda rannsóknarnefndir til landa sem ekki vilja eiga samstarf við þær var samþykkt að fara þess á leit við stjórnvöld að þau hugleiða það að taka við nefnd háttsettra embættismanna sem ætlað verði að afla gagna um ástand mála og gefa næsta þingi skýrslu þar að lútandi.

Pakistan

Bann stjórnvalda við því að launafólk í heilbrigðisstörfum, í trjáíðnaði, við störf innan samgöngukerfisins (lestar), á sérstökum útflutningssvæðum og starfsmenn í stjórnunarstörfum hafi rétt til þess að stofna og ganga í verkalýðsfélög. Jafnframt bann við starfsemi verkalýðsfélaga í raforkuframleiðslu og takmarkanir á rétti bankastarfsmanna til þess að kjósa sér forystumenn. Nefndin skoraði á stjórnvöld að hrinda úrbótum í framkvæmd og að skila sérfræðinganeftinni skýrslu um framgang mála.

Panama

Athugunarefni voru mörg. M.a. þvingaðir gerðardómar á sviðum opinberrar þjónustu sem geta talist “sérstök- og nauðsynleg” opinber þjónusta, skilyrði um að 50% starfsmanna innan opinberra stofnana séu ætíð undanþegnir verkfalli, bann við því að fleiri en eitt stéttarfélag opinberra starfsmanna sé innan hvers opinberrar stofnunar, lágmarkskilyrði til stofnunar verkalýðsfélags (40) og atvinnurekendafélags (10), bann við setu erlendra ríkisborgara í stjórnnum verkalýðsfélaga, heimild annars aðila kjaradeilu til þess að vísa deilunni til kjaradóms o.fl. Nokkrar úrbætur hafa stjórnvöld gert á síðasta ári en nefndin óskaði þess að þau gerðu nefndinni grein fyrir þeim úrbótum og frekari úrbótum sem nauðsynlegar væru og sem sérfræðinganeftin ILO og félagafrelsisneftin hafa þegar bent á að nauðsynlegar væru.

Kólumbía

Nefndin ályktaði að forsenda þess að launafólk og atvinnurekendur gætu notið þeirra réttinda sem ILO-87 mælir fyrir um væri að virt væru í verki grundvallarmannrétti í landi og var þá vísað til þess skefjalausa ofbeldis sem áður hefur verið fjallað um. Þeim morðum og mannránum á forsvarsmönnum launafólks og atvinnurekenda sem framin hafa verið og úrræðaleysi stjórnvalda gagnvart þeim var harðlega mótmælt. Fjallað var sérstaklega um vanefndir á skilum iðgjalda til verkalýðsfélaga en lögum þar að lútandi er ekki framfylgt gagnvart atvinnurekendum af stjórnvöldum. *Athugasemd um framkvæmd samþykktarinnar var sett í sérstaka málsgrein í niðurstöðum nefndarinnar.*

ILO-95 (1949)

Vernd launagreiðslna

Úkraína

Um það bil 5 milljónir verkafólks fær ekki eða mjög seint launagreiðslur. Ábyrgð á launagreiðslum undir þessum kringumstæðum er ekki ótvíræð en stjórnvöld kveðast reyna að bæta verkafólki það tjón sem það verður fyrir. Nefndin bendir á að réttur til launa fyrir vinnuframlag séu grundvallarréttindi sem stjórnvöldum beri að sjá til að verndaður sé og að þeim beri að veita greiðslu launa forgang fram yfir t.d. skattgreiðslur til ríkisins. Skýrslu óskað um framkvæmd.

ILO-97 (1949)

Farandverkafólk

Spánn

Fjallað var m.a. um árás á farandverkafólk frá Marokkó sem fram fór án afskipta og að viðstöddum her og lögreglu. Þrátt fyrir að samningum um skaðabætur hafi verið lokið í febrúar 2001 eru stjórnvöld gagnrýnd fyrir framkvæmd mála og vegna vaxandi fordóma gagnvart löglegu vinnuafli í landinu, sérstaklega frá Marokkó. Stjórnvöld voru síðan krafín um skýrslu um framgang mála fyrir næsta fund sérfræðinganeftdarinnar og tók nefndin undir það.

ILO-98 (1949)

Grundvallarsamþykkt um rétt til kjarasamningsgerðar

Costa Rica

Takmarkanir á rétti opinberra starfsmanna til þess að semja um kaup og kjör í kjarasamningum. Nefnd sérfræðinga skili næsta þingi álit og krafa gerð um ítarlega skýrslu stjórnvalda fyrir sama tíma.

Perú

Ósamræmi laga og framkvæmdar varðandi vernd gagnvart afskiptum stjórnvalda gagnvart afskiptum af innri málefnum stéttarfélag, seinangangur í meðferð dómstóla hvað

varðar ólögmætar aðgerðir gagnvart aðgerðum sem beint er gegn verkalýðsfélögum og takmarkanir á rétti til kjarasamningsgerðar bæði á opinberum- og almennum markaði. Nefndin krafði stjórnvöld um ítarlega skýrslu til sérfræðinganevndarinnar um framkvæmd ILO-98 fyrir næsta fund hennar.

ILO 111 (1958)

Mismunun á vinnumarkaði

Íran

Í landinu er konum gert mjög erfitt með að stunda launaða vinnu. T.d. er kvenkyns dómuruum bannað að kveða upp dóma. Jafnframt á sér stað alvarleg mismunun gagnvart trúarlegum minnihlutahópum. Nefndin lét í ljós ósk um að stjórnvöld bættu sér af einurð fyrir auknum réttindum kvenna og meira umburðarlyndi gagnvart trúarhópum.

Afganistan

Stjórnvöld skiluðu ekki skýrslu. Útilokun kvenna af vinnumarkaði og takmarkaður réttur þeirra til menntunar. Jafnframt fjallað um mismunum gagnvart fyrrverandi meðlimum kommúnistaflokksins.

Qatar

Fellt af dagskrá.

ILO 123 (1964)

Vinnumarkaðsstefna

Portúgal

Stjórnvöld hafa á umliðnum árum hrint í framkvæmd áætlun til þess að auka atvinnuþátttöku og gæði starfa. Engu að síður hefur störfum á gráum svæðum vinnumarkaðarins fjölgað og atvinnuöryggi sumra hópa minnkað vegna aukins fjölda tímabundinna ráðningarsamninga og hlutavinnusamninga, sérstaklega hvað varðar ungt fólk og konur. Stjórnvöld hvött til þess að auka framboð starfsmenntunar og tengja starfsmenntun betur við þau störf sem er að hafa á vinnumarkaði.

ILO 138 (1973)

Lágmarksaldur

Kenya

Nefnd sérfræðinga ILO hefur verið stjórnvöldum til aðstoðar við endurskoðun laga á sviði vinnuréttar. Engu að síður telur nefndin að stjórnvöld hafi ekki gert nauðsynlegar breytingar á lögum í því skyni að banna vinnu barna undir 16 ára aldri, þvert á móti sé stefnt að því að lágmarksaldur verði 15 ár auk þess sem löggin taki ekki til alls atvinnulífs í landinu. Jafnframt að nauðsynlegt sé að skilyrða hættulega vinnu þannig að

lágmarksaldur til hennar verði 18 ár. Stjórnvöld kveðast munu samræma lög landsins að samþykkt ILO og óskaði nefndin eftir skýrslu þeirra fyrir n.k. áramót.

Sameinuðu Arabísku Furstadæmin

Brot ríkisins voru talin þau fyrst og fremst að líða það án aðgerða að mjög ung börn (7-8) ára væru flutt ólöglega til landsins eftir að hafa verið rænt og þau síðan notuð sem knapar á úlfaldakappreiðum. Jafnframt kom fram að börn fædd innan ríkisins sættu sömu meðferð og þannig væri bæði samþykktin brotin og komið og í veg fyrir að þau gætu sótt skóla og þroskast. Fram kom að til þess að halda “knöpunum” (börnum) sem minnstum og léttustum sættu þau harðræði. Skorað var á stjórnvöld að fara eftir þeim lögum sem í landinu væru hér að lútandi og virða 18 ára lágmarksaldur til hættulegra starfa en kappreiðar féllu í þann flokk. Óskað var eftir skýrslu um framkvæmd mála fyrir næsta þing og að stjórnvöld myndu þiggja aðstoð sérfræðinga ILO til þess að glíma við vandann.

ILO 158 (1982)

Uppsagnir

Tyrkland

Samkvæmt samþykktinni er m.a. áskilið að uppsagnir skuli rökstuddar en því hefur ekki verið framfylgt í lögum. Jafnframt geyma lög um uppsagnir ákvæði um að verkafólki megi segja fyrirvaralaust upp ef viðkomandi er frá vinnu í meira en 3 daga samfelld eða meira en 5 daga í mánuði vegna slyss sem það hefur orðið fyrir vegna ásetnings, slæmra lífnaðarháttá eða ölvunar. Nefndin gagnrýnir þetta ákvæði sem allt of víðtækt, byggt á siðferðismati og einnig þar sem verkafólki er ekki tryggður réttur til andsvara. Þannig séu gildandi lög ekki í samræmi við samþykkt ILO en fram kom undir umræðum að stjórnvöld hafa í smíðum nýja löggjöf sem sé í samræmi við samþykkt stofnunarinnar.

Reykjavík 27.6 2001.

Magnús M. Norðdahl,

ASÍ – Vinnuréttarsvið.